



Reglur í úrslitakeppni Söngkeppni Samfés

- Hver félagsmiðstöð má aðeins hafa eitt atriði í lokakeppninni án tillits til þess hve mörg atriði frá sömu félagsmiðstöðinni röðuðu sér í efstu sætin í forkeppninni.
- Hvert lið má innihalda einn eða fleiri söngvara ásamt bakröddum, hljóðfæraleikurum og dönsurum. Allir flytjendur þurfa að vera á aldrinum 13-16 ára (8. - 10. bekk).
- Lögin má flytja á hvaða tungumáli sem er.
- Keppandi verður að syngja sama lag í lokakeppninni og í undankeppninni.
- **Ef** keppandi tilkynnir lag sem þegar hefur verið skráð til keppni skal hann ásamt félagsmiðstöðinni finna annað lag til að syngja þar sem hvert lag verður aðeins sungið einu sinni.
- Öllum undankeppnum á að vera lokið 8. febrúar.

Að undankeppnum loknum á senda Samfés tilkynningu um úrslit á samfes@samfes.is.

Formleg skráning hefst. 12. febrúar. Mjög mikilvægt er að allar upplýsingar komi fram.

Varðandi lagið:

- Lengd lags má ekki fara yfir 3 mín. – dregið verður niður í lagi eftir 3 mínútur og gæti það þýtt mínus stig hjá dómnefnd.
- Textum og undirspili skal skila ásamt skráningu. Taka þarf fram höfund texta og ef um þýðingu er að ræða þarf að taka fram hver þýðir.

Varðandi undirspil

- Ef sungið er með undirspili (playback) skal senda að senda undirspilið með tölvupósti á netfangið samfes@samfes.is mp3 formi samhliða skráningu. Sjá viðmið varðandi undirspilið hér fyrir neðan.
- Það þarf að senda lagið/undirspil á Samfés fyrir **22. febrúar**.
- Undirspil skal vera algerlega án söngs (forsöngs) bakraddir sem teljast ekki til aðalsöngs eru þó leyfilegar. Allt undirspil verði að vera samþykkt af tónlistarstjóra Samfés með tilliti til forms og uppsetningar. Samfés áskilur sér þann rétt að tónlistarstjóri Söngkeppni Samfés geti gert athugasemdir við undirspil, t.d. ef bakraddir standast ekki reglur. Keppendur/félagsmiðstöð verður þá að bregðast við þeim athugasemdum
- ATH! - Það er ekki hægt að taka venjulegt lag og draga niður í söngnum!
- Keppendur bera ábyrgð á hljóðgæðum undirspils hvort sem um er að ræða af geisladiski eða úr tölvu (.wav, .aiff, .mp3). Ef undirspili er skilað á mp3 skrá skal athuga að skráin sé með góðum bitahraða og er ekki margþjappað, eins og oft á við um Youtube skrár. Ef undirspili er skilað á mp3 skrá skal gera það með góðum fyrirvara svo keppendur hafi nægan tíma til að bæta undirspilið ef aðstandendum keppninnar þykir ástæða til.
- Mikilvægt er að keppendur fái aðstoð og þjálfun í að syngja í míkrafón hjá sinni félagsmiðstöð til að tryggja að flutningurinn komist til skila.

Aðstaða á sviði:

- Fullt backline, þ.e. trommuset, gítar- og bassamagnari og hljómborð með góðum píanóhljómi og píanóáslætti.
- Leyfilegt er að hafa önnur létt hljóðfæri s.s. fiðlu, blásturshljóðfæri, kassagítar.
- Vinsamlega athugið ástand hljóðfæranna, þ.e. strengir séu í lagi, rafhlöður til staðar o.fl.
- Allir hljóðfæraleikarar á sviði verða að vera á aldrinum 13-16 ára (í 8.-10. bekk).
- Félagsmiðstöðvar þurfa að passa upp á að flutningur viðkomandi liðs sé innan siðsamlegra marka en Samfés áskilur sér rétt til þess að stöðva atriði sé þessu ekki nægilega fylgt eftir.

- Keppendum verður raðað upp af handahófi í keppninni.
- Boðið verður upp á hljóðprufur og rennslisæfingu á keppnisdegi.